

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 17/2018.

Reykjavík, 13.07.2018
2018070355

Efni: Innköllun á innfluttum lúxus grísakótilettum frá Krónunni vegna þess að *Salmonella* hefur greinst í einu sýni.

Krónan ehf. hefur, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, ákveðið að innkalla af markaði lúxus ókryddaðar og kryddaðar grísakótilettur frá Spáni vegna þess að við eftirlit á markaði hefur *Salmonella* greinst í vörunni. Nánari rannsóknar er þörf til að staðfesta greininguna.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

Vörumerki: Krónan.

Vöruheiti: Lúxus grísakótilettur úrb., lúxus grísakótilettur ítölsk marinerung, lúxus grísakótilettur new york.

Síðasti notkunardagur: Allar dagsetningar.

Geymsluskilyrði: Kælivara.

Upprunaland kjöts: Spánn.

Innflytjandi: Krónan ehf., Skarfagörðum 2, 104 Reykjavík.

Framleiðandi: Krónan ehf.

Dreifing: Verslanir Krónunnar um land allt.

Neytendur sem keypt hafa þessar vörur eru beðnir um að skila þeim í næstu Krónuverslun og fá þær endurgreiddar. Nánari upplýsingar veitir: Sigurður Gunnar Markússon hjá Krónunni, smark@kronan.is.

Nánari upplýsingar um *Salmonella* er að finna á vefsíðu Matvælastofnunar: <http://www.mast.is/matvaeli/matarsykingar/salmonella/>.

